

Fimmtudaginn 25. mars 1993.

Nr. 415/1990. **Guðrún Álfgeirsdóttir,
Kristinn Álfgeirsson og
Olga Sveinsdóttir**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Hreyfli svf.

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Ómerking. Heimvísun. Forföll. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. október sama ár. Þau krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Þá krefjast þau ómerkingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og fjárnámsgerðar og greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð kröfulýsingarskrá í þrotabú Betri kaupa hf., en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta 5. júní 1992. Kröfu máls þessa var ekki lýst í þrotabúið.

Í héraði var ekki sótt þing af hálfu áfrýjenda, en þeim var stefnt til þings ásamt félaginu Betri kaupum hf. Áfrýjandinn Guðrún Álfgeirsdóttir var stjórnarformaður þess félags og hafði látið sækja þing fyrir þess hönd og skilað greinargerð. Varnir þær, er þar voru hafðar uppi, varða einnig skuldbindingar áfrýjenda, komist þær að í máli þessu. Fyrir þinghald, sem háð var 18. maí 1990, barst dómara málsins læknisvottorð um forföll Guðmundar Jóhannssonar, eiginmanns áfrýjenda og framkvæmdastjóra félagsins, en hann hafði í næsta þinghaldi áður mætt fyrir hönd þess. Dómarinn virðist þá hafa tilkynnt stjórnarformanninum þinghaldið með sím-skeyti. Það skeyti liggur ekki frammi. Ekki var sótt þing af hálfu Betri kaupa hf. Brá þá lögmaður stefnda á það ráð að falla frá kröfum á hendur félaginu og krefjast dómtöku á hendur öðrum stefndu, þ.e. áfrýjendum í máli þessu. Var það gert.

Fyrirsvarsmaður félagsins Betri kaupa hf. hafði lögmæt forföll í þinghaldi 18. maí 1990. Bar dómara því að fresta þinghaldinu, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, sem þá giltu um meðferð einkamála í héraði, enda varð málið ekki niður fellt á hendur félaginu, án þess að fyrirsvarsmanninum væri gefinn kostur á að tjá sig um þá ráðstöfun. Málinu varð ekki haldið áfram að réttum lögum, svo sem gert var. Ber þegar af þessari ástæðu að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi 18. maí 1990 og leggja fyrir dómarann að taka málið til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Er þá rétt, eins og mál þetta er vaxið, að gefa áfrýjendum kost á að sækja þing í málinu. Hin áfrýjaða fjárnámsgerð fellur niður.

Rétt þykir, að hver aðili beri sinn kostnað af máli þessu fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá og með 18. maí 1990 skulu vera ómerk, og ber héraðsdómara að taka málið fyrir til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Málkostnaður fellur niður.
